

Ed.

22. Frumvarp til laga

[21. mál]

um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismenn Íslands erlendis“ í 13. gr. laga um kosningar til Alþingis, komi: svo og kjörræðismenn, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæla á íslenska tungu, . . .

2. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismanns Íslands“ í 65. gr. laga um kosningar til Alþingis, komi: eða kjörræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr., . . .

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn sé á að lögum um kosningar til Alþingis verði breytt á þann hátt, að íslenskum kjörræðismönnum Íslands erlendis verði heimilað að vera kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út svo hljóðandi bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis:

1. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismenn Íslands erlendis“ í 13. gr. laga um kosningar til Alþingis, komi: svo og kjörræðismenn, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæla á íslenska tungu, . . .

2. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismanns Íslands“ í 65. gr. laga um kosningar til Alþingis, komi: eða kjörræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr., . . .

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.